

2. fundur stjórnar AP, starfsárið 2016-2017

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík miðvikudaginn 15. júní 2016 kl. 15:00

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Elías Pétursson, Guðmundur Vilhjálmsson og Sif Jóhannesdóttir. Arnar Guðmundsson boðaði forföll og varamenn höfðu ekki tæk á að sækja fundinn. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum. Bauð hún sérstaklega velkominn til starfa í stjórninni nýjan stjórnarmann, Guðmund Vilhjálmsson.

1. Rammaáætlun – síðara umsagnarferli til 3. ágúst 2016

Málið rætt og þá sérstaklega útfrá því að í tillögu verkefnisstjórnar rammaáætlunar er gerð tillaga um að allt vatnasvið Skjálfandafljóts verði sett í verndarflokk. Þó liggur fyrir í gögnum verkefnisstjórnar að fullnægjandi mat á efnahagslegum og samfélagslegum þáttum málsins liggur ekki fyrir.

Innan stjórnarinnar eru mismunandi sjónarmið gagnvart tillögunni en samstaða um að nauðsynlegt sé að fyrir liggja mat á öllum þeim þáttum sem tilgreindir eru í 4. mgr. 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 sbr. einnig 4. 5. og 6. gr. sömu laga áður en ákvörðun er tekin um að færa virkjunarkosti úr biðflokki í verndarflokk eða nýtingarflokk. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að vinna drög að umsögn sem send verði stjórnarmönnum og afgreidd á næsta fundi.

2. Kerfisáætlun Landsnets – umsagnarfrestur til og með 15. júní 2016

Landnet hefur kynnt matslýsingu vegna umhverfismats kerfisáætlunar 2016-2025 með umsagnarfresti til og með 15. júní 2016. Fyrir fundinum liggja drög að umsögn félagsins unnin af framkvæmdastjóra.

Stjórnin telur mikilvægt að flutningskerfi raforku verði skilgreint þannig að það nái til alls norðausturhornisins með hringtenginu og nægjanlegri flutningsgetu þannig að atvinnulíf og samfélag á svæðinu fái þróast með eðlilegum hætti.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að fullvinna og senda umsögnina inn eins og hún liggur fyrir í drögum.

3. Eimur – þátttaka félagsins varðandi vinnu- og fjárframlag

Á fundi stjórnar 18. janúar 2016 var samþykkt að félagið tæki þátt í verkefninu með skilgreindu vinnuframlagi. Þá höfðu stjórnarmenn tekið jákvæða afstöðu til þess í tölvupóstsamskiptum að félagið legði fram allt að 3 mkr. til verkefnisins sem fjármagnað yrði af þeim fjármunum sem félagið fékk þegar Kísilgúrsjóður var lagður niður.

Málið rætt vítt og breytt og stjórnin sammála um að hér sé á ferðinni mjög öflugt nýsköpunarverkefni, enda heildarfjármagnið 100 mkr. á þremur árum. Samþykkt að veita framkvæmdastjóra heimild til þess að semja um allt að 3 mkr. framlag félagsins verkefnisins á næstu þremur árum auk þess vinnuframlags sem þegar hefur verið samþykkt.

4. Mývatnsstofa ehf. – hlutafjáraukning

Fyrir liggur erindi dags. 1. júní sl. vegna hlutafjáraukningar Mývatnsstofu ehf. en óselt hlutafé er tæplega 6,7 mkr.

Samþykkt að félagið kaupi hlutafé í Mývatnsstofu ehf. fyrir 850 þús. skv. þeim skilmálum sem fram koma í erindinu.

5. Hvannalindir ehf. – hlutafjárkaup

Fyrir liggur ódags. erindi með ósk um hlutafjárkaup sem barst með tölvupósti 13. júní sl. ásamt óendurskoðuðum ársreikningi 2015. Um er að ræða endurnýjaða ósk sem tekin var fyrir á fundi stjórnar 24. mars 2015.

Verulegt tap er á rekstri félagsins eða sem nemur ríflega þreföldum tekjum þess á árinu, sem voru 3,3 mkr. og ljóst að væntingar um söluaukningu á árinu 2015 hafa ekki gengið eftir. Eigið fé félagsins er neikvætt um tæpar 16 mkr. og fram kemur í áritun löggilts endurskoðanda félagsins að ákveðin óvissa ríki um rekstrarhæfi þess.

Erindinu hafnað miðað við þær forsendur sem fyrir liggja um rekstrarhæfi og efnahag félagsins. Framkvæmdastjóra jafnframt falið að ræða við aðaleiganda félagsins um mögulegar leiðir til að halda framleiðslu félagsins áfram.

6. Tilnefning í stjórn Þekkingarnets Þingeyinga – staðfesting

Samþykkt að tilnefna framkvæmdastjóra, Reinhard Reynisson, til setu í stjórn Þekkingarnets Þingeyinga til tveggja ára skv. skipulagsskrá stofnunarinnar. Um er að ræða staðfestingu á afgreiðslu stjórnarmanna sem fram hafði farið með tölvupósti.

7. Tilnefning í stjórn Aurora Observatory

Fyrir liggur erindi um tilnefningu í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar Aurora Observatory til þriggja ára.

Samþykkt að tilnefna stjórnarformann, Sif Jóhannesdóttur, til setu í stjórn Aurora Observatory til þriggja ára skv. skipulagsskrá stofnunarinnar.

8. Langanesbyggð – stöðugreining og framtíðarsýn

Framkvæmdastjóri og Elías Pétursson gerðu grein fyrir vinnu vegna samninga um ráðstöfun sértæks byggðakvóta á Bakkafirði. Þá hafa komið fram áhyggjur af lítilli virkni frá Bakkafirði hvað varðar umsóknir t.d. í Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra og hvort atvinnuþróunarfélagið gæti beitt sér til örvunar á þeim vettvangi.

Í tengslum við vinnuna á Bakkafirði og einnig vegna almennra aðstæðna í sveitarfélaginu öllu er ástæða til að skoða stöðuna og hvernig styrkja megi samfélagið til að takast á við þær óhjákvæmilegu atvinnuháttabreytingar sem við blasa. Bæði er um að ræða fækkun starfa í hefðbundnum framleiðsluatvinnugreinum vegna tæknivæðingar, en einnig mikla breytingu á þeim störfum sem þar verða áfram, vegna þessara sömu tæknibreytinga, þar sem tæknimenntun af ýmsu tagi kemur til með að vigta meira en verið hefur. Þessar breytingar munu því kalla á aukinn fjölda starfa sem henta fólki með lengri formlega menntun að baki, m.a. vegna starfa maka.

Málið hefur verið opnað við Byggðastofnun hvað varðar mögulega aðkomu stofnunarinnar að einhvers konar stöðugreiningu og stefnumörkun til framtíðar fyrir byggðarlagið. Í undirbúningi er að setja saman tímabundinn rýnihóp sem kæmi að því að móta formlegt erindi til stofnunarinnar. Verkefni af þessu tagi gefur atvinnuþróunarfélaginu færi á því að auka sýnileika sinn á svæðinu og þar með virkni.

Stjórnin tekur undir þau sjónarmið sem fram komu og felur framkvæmdastjóra og formanni að vinna áfram með sveitarfélaginu í að fylgja málinu eftir, m.a. í samstarfi við Byggðstofnun.

9. Skipulag samstarfs sveitarfélaganna

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir fundi sem stjórn Eyþings boðaði formenn og framkvæmdastjóra stöðstofnana – Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Markaðsstofa Norðurland og Menningarfulltrúi Eyþings – á svæðinu til. Á fundinum var til umræðu samstarf og mögulegar sameiningar þessara stofnana. Forsvarsmenn AP komu þeim sjónarmiðum á framfæri að aðstandur félagsins teldu að sameining þjónaði ekki þeim verkefnum sem félagið sinnir né svæðisbundnum hagsmunum þingeyinga. Aukið og formlegra samstarf félagsins, m.a. við Eyþings væri hins vegar til bóta. Stjórn Eyþings mun senda aðildarsveitarfélögum minnisblað í framhaldinu þar sem gerð verður grein fyrir stöðumati hennar og sýn í framhaldi af fundinum.

Málið rætt útfrá stöðu AP, m.a. hugmyndir um að færa starfsemi félagsins undir nýstofnaða Héraðsnefnd Þingeyinga bs. Slíkar hugmyndir kalla á að skilgreint sé með skýrum hætti hver aðkoma atvinnulífsins – stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda – yrði að verkefnum félagsins, en sú aðkoma hefur verið mikilvægur þáttur í starfi þess allt frá upphafi.

10. Skotlandsferð – greinargerð framkvæmdastjóra og kostnaðaruppgjör

Málinu frestað til næsta fundar, en framkvæmdastjóri upplýsti að kostnaður vegna ferðarinnar hefði verið undir áætlun.

11. Önnur mál

- a) Guðmundur Vilhjálmsson vakti athygli á erfiðum viðskiptaskilmálum sem fyrirtæki á svæðinu mættu gagnvart stóru verktökunum í þeim stórframkvæmdum sem nú standa yfir. Taldi hann þörf á að það yrði skoðað hvort og hvernig þau gætu styrkt stöðu sína í þeim viðskiptum.

Framkvæmdastjóra falið að kanna mögulegar leiðir, m.a. í samstarfi við SI og SA, og boða til fundar þessara aðila, mögulega í samstarfi við SANA, þjóni það tilgangi og vilji sé til þess.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:05